

## **Tillaga**

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð samþykkir að ÍBR og ÍTR verði falið að skila tillögum um hvernig er hægt að koma á skipulögðu íþróttastarfi í samstarfi við skóla- og frístundasvið þegar samkomutakmarkanir eru í gildi vegna COVID-19 og koma í veg fyrir brottfall.

## **Greinargerð**

Börn í Reykjavík hafa ekki fengið að stunda íþróttir í fjórar vikur og er ófyrirséð hversu lengi æfingabann á höfuðborgarsvæðinu mun standa yfir. Þetta er í annað sinn á þessu ári sem bann hefur verið lagt á íþróttastarf barna. Skipulagt íþróttastarf hefur jákvæð áhrif á líðan barna og mikið forvarnargildi, það hafa fjölmargar rannsóknir sýnt. Um 90% nemenda á grunnskólaaldri fara á einhverjum tímamarki í gegnum skipulagt íþróttastarf svo það eru mörg börn sem bannið hefur áhrif á.

Það er ljóst að COVID-19 er ekki að hverfa úr okkar daglega lífi á næstunni. Það er því brýnt að geta brugðist hratt við þegar upp koma tímabil þar sem takmarka þarf íþróttaiðkun barna. Finna þarf leiðir svo skólar og íþróttafélög geti unnið saman til að halda þessu mikilvæga starfi gangandi.